

Mál nr. 255/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/A

Árekstur hringtorgi við Vatnsmýrarveg og Hafnargötu Keflavík 01.06. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.12. 2006.
3. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 05.12. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bífreiddunum var ekið um hringtorgið. Bífreiddin B lenti vinstra megin að aftanverðu á A. Haft er efnislega eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi ekið af stað og aftan á A.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu en hann telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Hann telur að ekki hafi verið um aftanákeyrslu að ræða.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A. Skýrsla lögreglu er lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa og þar viðurkennir ökumaðurinn að hann hafi ekið á A.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. janúar 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.